

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/462****2019/EES/38/16****frá 30. janúar 2019****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/1799 að því er varðar undanþágu Englandsbanka frá kröfunum um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 9. mgr. 1. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Viðskipti þar sem aðilar að seðlabankakerfi Evrópu eru mótaðilar eru undanþegin frá gagnsæiskröfum í viðskiptum, í samræmi við 6. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, að því marki sem þessi viðskipti fara fram við framkvæmd stefnu í peningamálum, gjaldeyrismálum eða fjármálastöðugleika.
- 2) Í samræmi við 9. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 má rýmka þessa undanþágu frá gildissviði reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 svo hún taki til seðlabanka þriðju landa sem og Alþjóðagreiðslubankans.
- 3) Uppfæra ætti skrána yfir undanþegna seðlabanka þriðju landa sem sett er fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1799 ⁽²⁾, m.a. með það fyrir augum að rýmka, eftir því sem við á, gildissvið undanþágunnar sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 til að hún nái yfir aðra seðlabanka þriðju landa.
- 4) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu með skírskotun til 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, nema leiðtogaráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.
- 5) Útgöngusamningurinn sem samningsaðilarnir hafa komið sér saman um hefur að geyma fyrirkomulag um beitingu lagaákvæða Sambandsins um Bretland og í Bretlandi eftir daginn sem sáttmálarnir falla úr gildi að því er varðar Bretland. Ef sá samningur tekur gildi mun reglugerð (ESB) nr. 600/2014, að meðtalinni undanþágunni sem kveðið er á um í 6. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar, gilda um Bretland og í Bretlandi á umbreytingartímabilinu í samræmi við þann samning og mun falla úr gildi við lok þess tímabils.
- 6) Útganga Bretlands úr Sambandinu myndi, ef ekki væri um að ræða nein sérákvæði, hafa þau áhrif að Englandsbanki myndi ekki lengur njóta núverandi undanþágu nema hann yrði færður á skrána yfir seðlabanka þriðju landa sem njóta undanþágu.
- 7) Í ljósi upplýsinga frá Bretlandi hefur framkvæmdastjórnin útbúið og lagt fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu þar sem metin er alþjóðleg meðferð Englandsbanka. Í skýrslunni ⁽³⁾ er komist að þeirri niðurstöðu að rétt þyki að veita Englandsbanka undanþágu frá kröfunum um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti í reglugerð (ESB) nr. 600/2014. Til samræmis við það ætti að færa Englandsbanka á skrána yfir seðlabanka sem njóta undanþágu, sem sett er fram í framseldri reglugerð (ESB) 2017/1799.
- 8) Yfirvöld í Bretlandi hafa tryggt stöðu, réttindi og skyldur aðila að seðlabankakerfi Evrópu og ætla m.a. að veita aðilunum að seðlabankakerfi Evrópu sem starfa eftir peningamálastefnu, gengisstefnu eða stefnu um fjármálastöðugleika, undanþágu sem er sambærileg þeirri sem kveðið er á um í 6. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 80, 22.3.2019, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2019 frá 11 apríl 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1799 frá 12. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar undanþágu frá gagnsæiskröfum fyrir og eftir viðskipti fyrir seðlabanka tiltekinna þriðju landa við framkvæmd stefnu þeirra í peningamálum, gjaldeyrismálum og fjármálastöðugleika (Stjtið. L 259, 7.10.2017, bls. 11).

(3) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um undanþágu fyrir Englandsbanka samkvæmt reglugerðinni um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFIR) [COM(2019) 69].

- 9) Því ætti að breyta framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1799 til samræmis við það.
- 10) Framkvæmdastjórnin hefur eftir sem áður reglulegt eftirlit með meðferð þessara seðlabanka og opinberu aðila sem njóta undanþágu frá kröfum um gagnsæi sem mælt er fyrir um í skránni í viðaukanum við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1799. Hægt er að uppfæra skrána í ljósi þróunar á regluverki þessara þriðju landa og með hliðsjón af viðeigandi nýjum heimildum. Slíkt endurmat gæti leitt til þess að tiltekin þriðju lönd yrðu tekin af skránni yfir aðila sem njóta undanþágu.
- 11) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst og ætti að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að reglugerð (ESB) nr. 600/2014 hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/1799 komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að reglugerð (ESB) nr. 600/2014 hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

1. Ástralía:
 - Reserve Bank of Australia
 2. Brasilía
 - Central Bank of Brazil
 3. Kanada:
 - Bank of Canada
 4. Hong Kong SAR:
 - Hong Kong Monetary Authority
 5. Indland:
 - Reserve Bank of India
 6. Japan:
 - Bank of Japan
 7. Mexíkó:
 - Seðlabanki Mexíkó (Bank of Mexico),
 8. Lýðveldið Kórea:
 - Bank of Korea
 9. Singapúr:
 - Monetary Authority of Singapore
 10. Sviss:
 - Swiss National Bank
 11. Tyrkland:
 - Central Bank of the Republic of Turkey
 12. Bretland
 - Bank of England
 13. Bandaríki Ameríku:
 - Federal Reserve System
 - Alþjóðagreiðslubankinn.“
-